

# FRÍMÚRARINN

Fréttabréf Frímúrarareglunnar á Íslandi

2. tölublað, 3 árgangur. Nóvember 2007



**Valur Valsson  
nýr stórmeistari  
Frímúrarareglunnar  
á Íslandi**



*Fagmennska í fasteignaviðskiptum*  
**Sími 511-1555**



# Stórmeistaraskipti

## Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi  
Skúlagötu 53-55,  
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

## Ritstjóri

Steinar J. Lúðvíksson (X),  
stjl@simnet.is

## Ritstjórn

Einar Einarsson R&K YAR (ábm.)  
einuna@simnet.is

Björn Kristmundsson (X)

Guðbrandur Magnússon (IX)  
gudbrandur.magnusson@hotmail.com

Steingrímur S. Ólafsson (VIII)  
denni@islandia.is

## Auglýsingar

Björn Kristmundsson (X)  
Klapparhlíð 5,  
270 Mosfellsbær  
Sími 553 3847/894 4353

## Netfang

Greinar sendist til  
frimur@centrum.is  
merktar Frímúrarinn

## Prentun:

Prentmet Suðurlands, Selfossi.

Efni greina í blaðinu eru  
skoðanir höfunda og þurfa  
ekki að vera í samræmi við  
skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja  
birtingarétt efnisins til útgefanda.

Ritstjórn áskilur sér rétt til  
að ritstýra aðsendu efni.

## Forsíðumynd

Nýkjörinn stórmeistari Frímúrarareglunnar  
á Íslandi, Valur Valsson.  
(Ljósmyndari: Jón Svavarsson)

„Markmið Reglunnar  
er að göfga og bæta  
mannlífið.

Reglan vill efla góðvild  
og drengskap  
með öllum mönnum  
og auka bróðurþel  
þeirra á meðal.“

Eins og flestum frímúrum er kunnugt um fóru fram stórmeistaraskipti í reglunni 20. október sl. Sigurður Örn Einarsson sem verið hafði stórmeistari reglunnar frá 6. febrúar 1999 lét af embætti að eigin ósk og við tók Valur Valsson sem gegnt hafði embætti HSM um nokkurra ára skeið. Í reglunni teljast það alltaf mikil tíðindi þegar skipt er um æðsta stjórnanda hennar og var svo einnig að þessu sinni. Það mátti glögglega sjá af þeim fjölda bræðra sem sóttu innsetningarfund hins nýja SMR. Þar var hann í senn boðinn velkominn til þeirra mikilvægu starfa sem bíða hans og Sigurður Örn kvaddur og honum þakkað einstaklega farsælt starf í þágu Frímúrarareglunnar.

Það hefur verið gæfa Frímúrarareglunnar bæði í hinu innra starfi hennar og einnig út á við að æðstu stjórnendur hennar hafa allt frá upphafi verið bræður sem hafa notið trausts og álits. Fyrsti SMR var herra Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands en hann gegndi embættinu á árinum 1951-1952. Aðrir er gegnt hafa embættinu eru Ólafur Lárússon, herra Ásgeir Ásgeirsson, Valdimar Stefánsson, Ásgeir Magnússon, Víglundur Möller, Gunnar J. Möller, Indriði Pálsson og Sigurður Örn Einarsson. Er Valur Valsson því tíundi SMR reglunnar.

Starf æðsta stjórnanda reglunnar, SMR, er vandasamt. Frímúrarareglan er fjölmennur félagsskapur sem starfar um land allt, frímúrarabræður eru þverskurður íslensks þjóðfélags. Þótt höfuðmarkmið frímúrarastarfsins sé langt frá því að vera leyndarmál byggir hið félagslega fundastarf þó á ævafornum síðum og hefðum sem aðeins félagar vita hver eru. Það er ekki sjálfgefið að þeir sem lítið vita um regluna eða hafa ekki fyrir því að kynna sér markmið hennar hafi til hennar jákvæð viðhorf, enda sýnir sagan víða um lönd að víða hafa menn haft horn í síðu hennar og þess hefur verið freistað að gera hana tortyggilega. Þar hafa gengið hvað harðast fram veraldlegir og geistlegir valdamenn sem töldu reglustarfið líklega ógna veldi sínu.

Frá fyrstu tíð hefur Frímúrarareglan á Íslandi verið blessunarlega laus við fordóma og tortryggni þjóðfélagsins. Áður fyrr þegar meiri leynd hvíldi yfir reglustarfinu var það þó ekki sjálfsagt að svo væri. En með störfum sínum og framkomu í því sem við frímúrarar köllum „hinum ytra heimi“ áunnu frímúrarar sér traust og var það ekki síst að þakka þeim mönnum sem völdust til hinnar félagslegu forystu reglunnar. Með alúð og eindrægni í störfum sínum sýndu þeir og sönnuðu fyrir hinum efagjörnu að ekkert illt gæti hlotist af frímúrarareglunni – þvert á móti að þar væri um að ræða uppbyggilegan félagsskap, ekki aðeins fyrir bræðurna heldur og fyrir allt þjóðfélagið.

Frímúrarinn vill nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri þökkum bræðranna til fráfarandi SMR, Sigurðar Arnar Einarsson. Hann hefur, allt frá því hann tók við embættinu, leitt frímúrarastarfið af mikilli farsæld og notið trausts, virðingar og vinsælda bræðranna. Hann lagði alla sína embættistíð mikla áherslu á að hlúa að grasrótastarfinu í reglunni, bæði með heimsóknnum sínum í allar stúkur landsins og uppbyggingu fræðslu og kennslu í frímúrararfræðum í reglunni. Út á við mótaði Sigurður Örn þá stefnu að kynna regluna og opna almenningi sýn á meginmarkmið reglustarfsins. Það hefur m.a. verið gert með „opnu húsi“ í höfuðstöðvum reglunnar, uppsetningu heimasíðu Reglunnar á Netinu og með útgáfu fréttablaðsins Frímúrarinn. Er ekkert vafamál að fjöldi fólks sem ella hefði lítið haft af reglunni að segja hefur kynnst starfi hennar og fengið á henni áhuga. Það hefur m.a. komið fram í mikilli aðsókn að hinum mörgu stúkum reglunnar.

Jafnhliða sem Sigurði Erni eru færðar þakkir þjóða bræðurnir hinn nýja SMR, Valur Valsson, velkominn til starfa. Br. Valur hefur starfað í frímúrarareglunni í rúmlega þrjátíu ár og gegnt þar mörgum trúnaðar- og ábyrgðarstörfum. Er honum beðið blessunar í þeim veigamiklu störfum sem nú taka við hjá honum.

Steinar J. Lúðvíksson

## Yfirarkitekta og ritstjórar Frímúrarablaðanna á Norðurlöndunum funda

Laugardaginn 23. júní 2007 hittust Yfirarkitekta Íslands, Svíþjóðar og Noregs, ásamt ritstjórum Frímúrarablaða sömu landa á árlegum fundi sínum sem að þessu sinni var haldinn á Akureyri. Dönsku fulltrúarnir afboðuðu sig.

Fundurinn var haldinn nyrðra til að hægt væri að bjóða erlendu gestunum til að vera viðstaddir Jónsmessufundurinn á Akureyri og er óhætt að segja að þeir hafi verið ánægðir með það sem fyrir augu og eyru þeirra bar og lýstu þeir allir mikilli ánægju með fundinn og hrifningu af húsinu, móttökum bræðranna og síðast en ekki síst nærveru SMR.

Fljótlega kom í ljós að fyrir fundinum lágu fjölmörg mál sem skipta miklu máli fyrir framgang norræns samstarfs á sviði fræðslu- og útgáfumála. Höfundarréttarmál, heimasíður og útgáfa Frímúrarablaðanna á Norðurlöndunum vorur fyrirferðarmikil á fundinum en ekki síður birting og varðveisla fræðsluerinda en mikill misbrestur virðist vera á hvaða kerfi er notað til þeirra mála.

Netmál, bæði innri og ytri, voru jafnframt til umræðu og þá var opnað á umræðu um skjalasafn Reglnanna og



Frá vinstri: Paul B. Hansen, Skv.R., Ulf Gustavsen, vara oddviti fræðaráðs frá Noregi, Kjell Mazetti, ritstjóri sænska Frímúrarablaðsins, Einar Einarsson, YAR, Karl Jens Holmen, YAR frá Noregi, Sigurður Örn Einarsson, SMR, Lars von Knorring, YAR frá Svíþjóð, Terje Helsingeng, ritstjóri norska Frímúrarablaðsins, Steingrímur S. Ólafsson, ritstjórn Frímúrarablaðsins.

hvort efni sem þar væri eða þangað kæmi væri skannað og sett á stafrænt form.

Í lok Akureyrarfundarins buðu Norðmenn til næsta fundar Yfirarkitekta og ritstjóra Frímúrarablaðanna og verður hann haldinn í Tromsø í Noregi síðustu helgina í maí 2008.



# FRATER.IS

Sérverslun með frímúraratengdum gjafavörum

 Sverð: 14.900	 Vasaúr: 7.600 kr.	 Pípuhattur: 26.900
 Ermahnappar: 2.900	 Acasiugrein: 1.800	 Slíður: 2.500
 Pinni: 1.000	 Ermahnappar: 4.900	 Ermahnappar: 4.900

www.frater.is

Bjarni E. Þrastarson - Haraldur E. Þrastarson - Kjartan Sverrisson  
Steinn Jóhannsson - Vilhjálmur Hreinsson

## Loftræstikerfi

•

## Kerrusmíði

•

## Ál og Stálsmíði

•


## Öll almenn blikksmíðavinna

# BLIKKSMÍÐJAN BORG ehf.

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ  
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045  
Frankvæmdastjóri: Sigurður B Hansen

# Ólafur Ingibjörnsson - in memoriam

Fæddur 1. júní 1928,  
dáinn 18. maí 2007



Með sárum trega kveðjum við þennan öðling sem var öllum hjartfólginn.

Hann kom sterkt inn í líf mitt á haustdögum 1980 og var þar síðan. Fyrst sem

vinur og fyrirmynd og seinna einnig sem læknir og ráðgjafi fjölskyldu minnar á ótal vegu. Aldrei þar þar skugga á og aldrei varð okkur sundurorða hvað þá meir.

Það var haft á orði í fjölskyldunni að allir ættu að eiga jafn góðan vin og lækni sem Ólafur var. Væri þá heilsufar og andleg líðan í landinu miklu betri.

Ég er svo heppinn að hafa átt hann að nánnum vini og samstarfsmanni í Frímúrarareglunni um áratuga skeið og sé nú á eftir þessum mínum ástkæra félagi og fræðara en ég hef verið hans sporgöngumaður frá

fyrstu tíð þar.

Eins og áður hefur komið fram var Ólafur frímúrarari og naut þar mikils trausts og virðingar enda kallaður til starfa í Æðstu stjórn reglunnar þar sem hann starfaði um árabil.

Frímúrarareglan á Íslandi sendir ættmennum Ólafs og vinum öllum dýpstu samúðarkveðjur og minnst látins liðsmanns með söknuði, virðingu og þakklæti.

*Pétur K. Eyrason*

# Jón A. Skúlason - in memoriam

Fæddur 22. ágúst 1916,  
dáinn 4. júní 2007



Við Jón A. Skúlason hittumst fyrst til samstarfs í nóvember 1978 við stofnun nýrrar félagsdeildar Frímúrarareglunnar á Íslandi í Keflavík og svo sem mér stóð sú athöfn

nærri hjarta mátti vel finna það á Jóni að hann kunni starfanum einnig mjög vel, einmitt í Keflavík og kunni þar að sjálfsgöðu æði vel skil manna og málefna.

Jón kom þar sem endranær fram af þeirri hógværd og yfirvegum, sem

mér fannst ætíð síðan í kynnum okkar vera aðalsmerki hans auk notalegrar og góðgjarnrar kímni þess sem kann góð skil manlegra samskipta, en getur jafnvel við hátíðleg og/eða alvarleg atvik kallað fram þægilega glaðværd svo sem til að brjóta upp á stundum nokkuð þyngra yfirbragð líðandi stundar.

Jón var í daglegu lífi maður hlaðinn störfum og miklum trúnaði bæði sem opinber starfsmaður viðamikils embættis sem og annarra starfa sem honum í krafti menntunnar sinnar var fyrir trúað.

Í stjórn Frímúrarareglunnar á Íslandi sat hann sex ár eða allt til hann lét þar af starfi við aldursmörk embættismanna Reglunnar.

Þar áður mörg ár sem embættismaður Landsstúkunnar og enn fyrir ritari stjórnarinnar og þakkar nú Regla hans enn mikilsverð störf hans á hennar vegum og vottar aðstandendum hans samúð.

Vegna samveru okkar og samstarfs í stjórn Reglunnar áttum við Jón A. Skúlason oft á tíðum ýmiss samskipti og vorum af því tilefni stundum sessunautar við fundar- eða veisluborð og minnst ég margra slíkra ánægjustunda og skrafs um heima og geima enda var Jón fróður bæði um lönd og þjóðir og kunni einnig frá margri sköndinni sögu að segja og skil breytilegra og mismunandi siða og venja frá margvíslegum stöðum.

Skiptumst við stundum á upplýsingum og athugunum þessu tengt og vantaði þegar svo bar við sjaldnast umræðuefni.

Við reglubræður Jóns A. Skúlasonar söknum nú bróður í stað og vottum honum við leiðarlök virðingu okkar og þökk og konu hans Ingu Gröndal og ástvinum hans öllum samúð og hluttekningu.

*Einar Birnir*

**Frímúrarar!**

Munið minningarkort bræðranefndar.

Hægt er að panta kort á heimasíðu Frímúrarareglunnar.

[www.frmr.is](http://www.frmr.is)



*Nýr stórmeistari Frímúrarareglunnar: Valur Valsson lyftir glasi og skálar við bræður undir borðum en svo sem sjá má var salurinn þéttskipaður og hátíðarblær yfir öllu.*

# Nýr stórmeistari tekur við

**L**augardaginn 20. október sl. urðu stórmeistaraskipti í Frímúrarareglunni. Sigurður Örn Einarsson lét af embætti en við tók Valur Valsson. Mikill fjöldi bræðra lagði leið sína í Frímúrarahúsið og var viðstaddur athöfnina og tók þátt í borðhaldi að henni lokinni. Frímúrarinn bregður hér upp nokkrum svipmyndum frá þessum merkisdegi.



*R&K sem voru viðstaddir stólmeistaraskiptin. Fremsta röð f.v.: Þórir Stephensen, Þorsteinn Sv. Stefánsson, Allan Vagn Magnússon, Indriði Pálsson, fyrrverandi SMR, Valur Valsson SMR, Sigurður Örn Einarsson, fráfaramandi SMR, Einar Einarsson og Örn Bárður Jónsson. Miðröð f.v.: Guðmundur Ó. Þorsteinsson, Einar Birnir, Pétur K. Esrason, Jón H. Bergs, Jón Birgir Jónsson, Skúli Ágústsson og Bengt Bjarnason. Efst röð f.v.: Úlfar Guðmundsson, Skúli Ljósason, Ólafur Ágúst Ólafsson, Eiríkur P. Sveinsson, Hallgrímur Skaptason, Gunnlaugur Claessen, Aðalsteinn V. Júlíusson, Jón Sigurðsson, Júlíus Egilson, Sigurður Kr. Sigurðsson, Hafsteinn Hafsteinsson og Þórður Óskarsson.*

*Ljósmyndir tók Jón Svavarsson*



Góðir gestir komu til fundarins frá Norðurlöndunum og Englandi. Fremri röð f.v: Anders Fahlman, SMR sænsku Reglunnar, Hans Martin Jepsen, SMR dönsku reglunnar, Valur Valsson, SM, Ivar Anstein, Skar SMR norsku reglunnar, Kurt Österberg SMR 33° of the Ancient and Accepted Rite for Finnland, Ragnar Tollefsen, DSM norsku reglunnar og fulltrúi Íslands við hana. Aftari röð f.v: Steen Havsted-Hansen, St.Sm. dönsku reglunnar, Olav Lyngset, HSM norsku reglunnar, Börge Calusen, fyrrv. SMR dönsku Reglunnar, Indriði Pálsson fyrrverandi SMR, Sigurður Örn Einarsson, fráfarandi SMR, Alan Englefield, Grand Chancellor UGLE og Karl Eric-Erikson, IVR sænsku reglunnar.



Þrír kunnir bræður með heiðursmerki Reglunnar: Örn Jóhannsson, Gunnlaugur Karlsson og Hörður Þórarinnsson.



Stólmeistarar og stjórnandi bræður sem voru viðstaddir: F.v.: Jónas Þ. Jóhannsson (Vöku), Pétur A. Maack (Hlín), Vilhjálmur Halldórsson (Sindra) Halldór Guðbjarnason (Eddu), Allan Vagn Magnússon HSM, Eiríkur Greipsson (Njálu), Ólafur Ásgeirsson (Rún), Indriði Pálsson fyrrverandi SMR, Hallgrímur Skaptason (Stuartstúkunni Akureyri), Már Sveinbjörnsson (Hamri), Valur Valsson SMR, Örn Grétasson (Röðli), Guðmundur Kr. Tómasson (Fjölni), Ólafur Johnson (Nirði), Sigurður Örn Einarsson fráfarandi SMR, Bergur Jónsson (Gimli), Hannes Guðmundsson, varameistari Heklu, Gunnar Ólafsson (Akri), Steinn G. Ólafsson (Helgafelli), Sveinn Jónsson (Mími), Úlfar Hauksson (Huld) og Jóhann Heiðar Jóhannsson (Glitni).



# Posaleiga **VALITOR**

**VALITOR leigir söluaðilum GSM posa, hefðbundna fastlínuposa, ISDN og IP posa.**

VALITOR er öflugur arftaki Greiðslumiðlunar - VISA Íslands.

Leiga VALITOR á posum byggir á traustum grunni RÁS-þjónustu VISA Íslands.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Fyrirtækjalausna VALITOR í síma 525 2080 og ítarlegri umfjöllun er á vefnum [www.valitor.is/posaleiga](http://www.valitor.is/posaleiga)

## **Innifalið í posaleigu er:**

- Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
- Sendingarkostnaður á landsbyggðinni
- Viðhald
- Uppfærslur á búnaði
- Þjónustuver opið allan sólarhringinn



# 75 ára afmæli- shátíð Rúnar

Sjötíu og fimm ára afmælishátíð Rúnar var haldin á Akureyri laugar-  
daginn 15. september sl. Um 150  
bræður mættu til fundarins sem  
hófst í stúkuhúsi Rúnar kl. 14.00. Þar  
var m.a. hlýtt á hið talaða orð, ein-  
söng tveggja bræðra og þar fór fram  
veiting heiðursmerkja Rúnar til  
nokkurra bræðra o.fl. Á meðan bræð-  
urnir voru á fundinum var óvissuferð  
fyrir systurnar og var góður rómur  
gerður af henni. Við borðhald voru  
haldnar ræður, gefnar afmælisgjafir  
og sungið. Það var st.m. Rúnar: Ólaf-  
ur Ásgeirsson sem stjórnaði fundi og  
borðhaldi. SMR, Sigurður Örn Ein-  
arsson, mætti á fundinn en það kom  
fram í máli Ólafs að þetta var fimmta  
heimsókn SMR til Akureyrar á einu  
ári og þriðja heimsóknin til Rúnar á  
sama tíma. Var honum þökkun frá-  
bær tryggð við Rúnarbræður og



*Einar Einarsson YAR Frímúrarareglunnar, sr. Gunnlaugur Garðarsson og Einar Thorlacius á 75 ára afmælishátíð Rúnar á Akureyri.*

starfið á Akureyri. Um kvöldið var  
svo öllum boðið á skemmtun og dans-  
leik í stúkuhúsinu og þangað komu

hátt í tvö hundruð manns og  
skemmtu sér hið besta við söng og  
dans fram eftir nóttu.

## REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson  
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson  
útfararstjóri



Frímánn Andrésón  
útfararþjónusta



Svafar Magnússon  
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir  
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson  
útfararþjónusta



Ellert Ingason  
útfararþjónusta

*Þegar andlát  
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti  
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • [www.utfor.is](http://www.utfor.is)

# Grand JÓLAHLAÐBORÐ

LIFANDI  
TÓNLIST



Glæsilegt hlaðborð „með öllu“.

	Í hádeginu	Á kvöldin
Fullorðnir	3.950.-	5.750.-
6-11 ára	1.900.-	2.750.-
0-5 ára	Frítt	Frítt

Pantanir í síma 514 8000  
og veitingar@grand.is

Á kvöldin leikur  
Trío Grande ásamt  
Sigu Beinteins  
og Bryndísi Ásmunds

  
Grand  
HÓTEL  
REYKJAVÍK

SIGTÚNI / www.GRAND.is



...allt gott!

**SPVF**  
SPARISJÓÐUR  
VESTFIRÐINGA

Íslenskt handverk  
efnismiklir og vandaðir hringar  
smíðaðir af Ívari Björnssyni,

*láttu sjá þig  
við tökum vel á móti þér!*

Áttundu gráðu hringur



bjóðum alla gull og silfursmíði,  
sérsmíði, leturgröft  
og viðgerðir.

Frímúrarahringurinn



hver hringur  
er númeraður  
og skráður

*Gull & Demantar*  
IVAR BJÖRNSSON  
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI  
skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 -fax 562 2282



*Sigurjón Jóhannsson gaf stúkunni sinni, St.Jóh.st. Eddu, þennan einstaka kertastjaka, sem hann smíðaði úr látúni og eir. Samskonar kertastjaka er að finna í kirkjunni í Flathey. Í Regluheimilinu í Reykjavík eru margir munir og gripir sem Sigurjón hefur farið höndum um og lagt gjörva hönd á. En Sigurjón var ekki við eina fjölna felldur í handverkinnu, hann málaði, saumaði og bróðeraði ef svo bar við.*



*Kertastjaki og veldisstafur á hrafntinnu með hornmáti og hringfara. Merktur Br. Guido Bernhöft fyrrv. St.Sm Reglunnar. Fallegur og persónulegur gripur.*



*Br. Sigurjón Jóhannsson alnafni Sigurjóns og barnabarn, heldur hér á sverði sem afi hans smíðaði og gaf honum. Á innfelldu myndinni má sjá táknið á sverðinu fyrir trú, von og kærleika.*



*Sigurjón Jóhannsson*

# Trú, von og kærleikur

Árið 1946 gekk mætur maður, Sigurjón Jóhannsson í Regluna. Alla sína tíð tók hann mikinn þátt í starfi hennar og sýndi okkar félagsskap einstakan hlýhug og förnfýsi. Hann starfaði með okkur allt fram á tíræðisaldurinn, en hann lést árið 1994, þá 96 ára gamall. Engin venjulegur frímúrarari hér á ferð enda einlægur maður, falslaus og hvers manns hugljúfi. Eitt sinn þegar Sigurjón var hér á fundi, þá orðin vel fullorðinn, leið yfir hann og var því fluttur út í sjúkrahöllum. Var eftir honum haft, að hefði hann mátt fá að ráða þá hefði hann kosið að yfirgefa þetta jarðlíf í Regluheimilinu.

Það eru margir br. sem muna eftir Sigurjóni hér á fundum og þá sérstaklega í biðherbergi einu ónefndu. Hann hlaut heiðursmerki Reglunnar árið 1982.

Sigurjón Jóhannsson fæddist í Flathey á Breiðarfirði árið 1898, en var ættaður úr Svefneyjum. Hann ólst upp í Flathey, síðar fluttist hann til Reykjavíkur og nam vélsmíði. Hann var lengi vélstjóri í sænska frystihúsinu sem Reykavíkingar sem komnir eru yfir miðjan aldur þekkja vel til, ennfremur var hann til sjós á Sambandskipunum lengi vel. Til gamans má geta þess að synir hans þrír eru allir frímúrarar og einnig tveir sonarsynir, Árni og Sigurjón Jóhannsson. Sigurjón var mikill hagleiksmaður og lék allt í höndunum á honum, og það er ekki á neinn hallað hér innan dyra þótt segja megi að hann hafi verið fremstur meðal jafningja í þeim efnum.

*Jón Þór Hannesson, Minjavörður Reglunnar*

Frá Minjasafni Reglunnar





Starfsfólk á Aðalskrifstofu Frímúrarareglunnar í Reykjavík. Fremst er Margrét Guðmundsdóttir, í aftari röð f.v. Einar Einarsson, Þorsteinn Sv. Stefánsson, Valdimar Tómasson, Þorsteinn Eggertsson, Jón Friðsteinsson, Gísli Marteinson.

## Breytt og endurnýjuð skrifstofa í Regluheimilinu í Reykjavík

Eins og flestir bræður í Reglunni vita hefur starfsemi Stjórnstofu, en þó sérstaklega Aðalskrifstofu vaxið umtalsvert á undanförunum árum.

Þetta hefur haft í för með sér auk- ið álag á starfsmenn auk þess sem húsnæðið fyrir starfsemina hefur smám saman orðið of þröngt og óhentugt. Jafnframt var vinnu- aðstaðan á allan hátt komin úr takt við það starf, sem þar fer fram.

Þótt starfsemi Aðalskrifstofu og Stjórnstofu fari fram á sama stað, þ.e. á skrifstofunni í Regluheimilinu í Reykjavík, er munurinn á Stjórnstofu og Aðalskrifstofu sá, að um Stjórnstofu fara allar ákvarðanir t.d. skipunarbréf, tilskipanir, fulltrúabréf og erlend samskipti, en á Aðalskrifstofu, sem er þjónustustofa fyrir Regluna, fer fram gagnasöfnun og dreifing gagna, upplýsingar, bókhald, uppgjör og ýmis útgáfustarfsemi, t.d. á félagatali Reglunnar og stúkna.

Veturinn 2005-2006 var unnið að undirbúningi að breytingu og stækkun á húsnæðinu.

Aðalsteinn V. Júlíusson vann teikningar af verðandi húsnæði, þar sem íbúð húsvarðar var bætt við þessi tvö herbergi sem skrifstofan var áður í. Vorið 2006 var hafist handa um breytingarnar, sem lokið var við um haustið. Inngangur í nýju skrifstofuna er nú að austan, þ.e. sami inngangur og áður var í íbúð húsvarðar.

Jafnframt þessum breytingum og stækkun á húsnæðinu, var allt símkerfi Regluheimilisins endurnýjað, sem og tölvutengingar og lagnir um allt húsið. Þá var sett upp sér öryggiskerfi fyrir skrifstofuna.

Húsnæði skrifstofunnar er nú rúmgott og hjart og myndir úr Myndasafni Reglunnar skreyta veggina.

Hinn 1. mars s.l. lét Þórður Óskarsson af störfum, sem skrifstofustjóri eftir 16 ára starf. Ég vil hér með þakka honum fyrir allt hans mikla starf. Við starfi Þórðar tók Þorsteinn Eggertsson, sem verið hefur skrifstofumaður hér síðan í maí

2001. Auk þess voru, 1. nóvember 2006, ráðnir tveir nýjir starfsmenn þau Margrét Guðmundsdóttir, gjaldkeri og fulltrúi og Valdimar Tómasson, bókhaldari í hálfu starfi. Þannig eru launaðir starfsmenn skrifstofunnar nú þrír.

Auk þeirra hefur Gísli Marteinson séð um færslur í félagatal og skjalavörslu og Jón Friðsteinsson hefur séð um færslu spjaldskrár. Loks má nefna útgáfustarfsemi á vegum Stúkuráðs og Fræðaráðs, en Einar Birnir hefur um árabil unnið fyrir Stúkuráð, að uppfærslu og breytingum á siðabálkum. Hann hefur látið af störfum og eru honum þökkuð hans góðu störf gegnum árin.

Einar Einarsson, oddviti Fræðaráðs hefur nú umsjón með útgáfustarfseminni fyrir Stúkuráð og Styrktarráð, en Þórður Óskarsson hefur áfram aðstöðu sem Stórritari og Innsigliðsvörður hefur þar einnig aðstöðu.

*Þorsteinn Sv. Stefánsson, IVR*



# Endurbætur á Regluheimilinu

Í byrjun vetrarstarfs Reglunnar 2004 var skipaður hópur til að vinna að tillögum um endurbætur á Regluheimilinu utanhúss. Í hópinn völdust Halldór Guðmundsson, Einar Bjarndal Jónsson, Jens Sandholt, Sigurður Kr. Sigurðsson og undirritaður.

Fyrsti undirbúningsfundur var haldinn í nóvember. Þá hófst nákvæm skoðun á húsunum og í framhaldi voru lagðar fram tillögur um að klæða bæði húsin með flísum og einangrun, endurgera þök, laga múrverk við innganga, endurnýja glugga, neyðarútganga og hurðir svo eitt-hvað sé talið upp.

Þá var hafist handa að teikna allar útfærslur og breytingar, gera verkfræðivinnu og að lokum lá fyrir nákvæm verklýsing ásamt kostnaðaráætlun. Þegar verkefnið hafði verið samþykkt af SMR var verkið boðið út í apríl 2006 og tilboð opnuð 5. maí.

Verksamningur var síðan undirritaður 1. júní við Virki ehf. og hófst vinna í ágúst.

Verklok voru áætluð í október, en þegar þetta er skrifað er aðeins eftir að ljúka við mósak í ramma efst á húsinu.



*Frá undirskrift verksamningsins. Á myndinni eru: Fremri röð f.v.: Sigurður Örn Einarsson, Vilberg Þór Jónsson, Örn Jóhannsson. Aftari röð f.v. Einar Bjarndal Jónsson, Jens Sandholt og Halldór Guðmundsson.*

Verkið hefur í alla staði gengið mjög vel og nánast hnökralaust. Því ber að þakka einstaklega vel undirbúinni verklýsingu og mjög samvinnufúsum verktaka.

Þá er einnig vert að geta þess að verkið er í samræmi við upphaflega kostnaðaráætlun.

Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum fyrir frábærlega vel unnin og óeigingjörn störf og ekki síst verktakanum, Vilberg Þór Jónssyni, og hans starfsmönnum.


*Örn Jóhannsson Y.Kv.*

# Allt frá (pípu)hatti oní (lakk)skó



ADAM

Laugavegi 47 • S: 551 7575 og 552 9122



# Bróðir Wolfgang

## Vínarborg

Um mitt ár 1781 sagði Wolfgang sig úr þjónustu hins háa kirkjufursta Colleredo í Salzburg og flutti til Vínarborgar til að starfa sem tónskáld. Viðskilnaður hans við Colleredo var ekki átakalaus og hafði í för með sér, að hrokafullur kirkjuaðallinn hafnaði honum. Austurríska kirkjan bar því ekki gæfu til þess að njóta tónlistar hans. Eins átti hann mjög erfitt uppdráttar hjá austurrísku hirðinni og fékk ekki það vel borgaða fasta stöðu að það gerði honum kleift að lifa mannsæmandi lífi.

## Fígaró

Árið 1786 bað Jósef II keisari Wolfgang um að semja óperu. Hann valdi að semja tónlist við handrit Lorenzos da Pontes (Emanuele Conegliano 1749-1838) sem byggði á franskri skáldsögu Le Mariage de Figaro eftir Pierre-Augustin Caron de Beaumarche (1732-99), en leikrit sem byggt var á skáldsögunni var bannað í Austurríki vegna þeirrar andúðar sem þar kemur fram gagnvart aðlinum. Þann 1. maí var því óperan „Brúðkaup Fígarós“ frumsýnd í Vínarborg. Hugsanlega hefði Wolfgang aldrei samið þessa óperu hefði hann ekki kynnst boðskap frímúrarareglunnar, en með henni ögraði hann

nokkuð aðlinum og gaf tækifæri til tortryggni. Í raun er það óskiljanlegt hvernig þeim da Ponte og Wolfgang tókst að fá leyfi fyrir flutningi á þessu verki. Í bréfi til Nannerl systur Wolfgangs í lok apríl kemur fram ótti föður þeirra um að andstæðingar Wolfgangs muni gera allt sem þeir geti til að niða niður verk hans, en í bréfi frá Wolfgang til föður síns segir

hann frá því, að á annarri sýningu hafi 5 sinum þurft að endurtaka atriði úr óperunni og á þriðju sýningu hafi 7 sinnum þurft að endurtaka atriði. Þetta gekk það langt að stjórn óperuhússins lagði bann við endurtekningum í sýningum óperunnar. Óperan var sýnd alls níu sinnum þetta ár en þá tekin af dagskrá.

## Frímúrarareglan

Hugmyndafræði frímúrarareglunnar, bræðrapel, andi mannkærleikans og vinátta tók allan hug Wolfgangs og hann starfaði mjög ötullega. Hann eignaðist góða vini innan reglunnar. Einn af þeim var stúkubróðir hans, Anton Paul Stadler (1753-1812) sem átti verulegan þátt í þróun klarínetsins. Það eru ófáar línur í verkum Wolfgangs sem hann skrifaði beinlínis fyrir þennan vin sinn og bróður hans, Johann Nepomuk (1755-1804), en þeir voru báðir frábæri bassethorn- og klarínnettuleikarar. Fyrir Anton skrifaði Wolfgang árið 1789 Klarínettenquintett K. 581 og eitt af síðustu verkum hans er Klarínettenkonsertinn K. 622 sem hann lauk við í lok september og er ein fallegasta tónsmíð hans. Þegar búið var gert upp eftir dauða Wolfgangs kom í ljós að Anton Stadler skuldaði honum 500 gulden og líklega innheimtist það



eftir Smára Ólason  
II. hluti

aldrei. Þær Konstansa og Sophie Haibel (1763-1846) systir hennar höfðu seinna meir ekki falleg orð um Anton og töldu, að hann hefði notað venskap sinn við Wolfgang til þess eins að hafa út úr honum peninga og drekka á hans kostnað. Í bréfi árið 1800 segir Konstansa frá því, að Wolfgang og Stadler hafi ætlað að stofna nýja frímúrarastúku með nafninu „Grotta,“ en ekki liggja fyrir neinar aðrar upplýsingar um það.

Annar vinur Wolfgang og reglubróðir var barón Gottfried van Swieten (1733-1803), hollenskur diplomat í þjónustu austurríska ríkisins, en hann er einkum þekktur fyrir stuðning sinn við klassísk tónskáld, eins og Joseph Haydn, Wolfgang og Ludwig van Beethoven. Van Swieten var einn af helstu stuðningsmönnum Wolfgang og kynnti fyrir honum tónlist þeirra Johanns Sebastians Bach (1685-1750) og Georgs Friedrichs Händel (1685-1759) sem hann hafði kynnt er hann dvaldist í Berlín. Framlag barónsins við að kynna

tónlist Bachs var svo mikilvægt að Johann Nikolaus Forkel (1749-1818) tileinkaði honum fyrstu æfisögu Bachs árið 1802. Í janúar 1793 stóð baróninn fyrir flutningi á Sálumessu Wolfgang til styrktar fjölskyldu hans og hann greiddi fyrir skólahlald yngri sonarins (eftir gjaldþrot Puchbergs) allt til þess að Konstansa giftist aftur.

Karl von Lichnowsky (1761-1814) greifi var reglubróðir, vinur og nemandi Wolfgang og framan af mikill aðdáandi hans. Lichnowsky fór með Wolfgang í síðustu stóru ferð hans til Prag, Dresden og Leipzig árið 1789, þar sem hann kynntist betur tónlist J.S. Bach og sagði þessi fleygu orð: „Loksins er eitthvað sem hægt er að læra af.“ Lichnowsky var einn af þeim sem að undirlagi van Swieten höfðu gerst áskrifendur að sérstökum tónleikum sem Wolfgang hélt fyrir frímúrarabæður þar sem hann frumflutti mörg verka sinna. Til að byrja með fékk hann mjög vel greitt fyrir

þetta, en svo fór að aðeins einn áskrifandi var eftir á listanum; van Swieten. Wolfgang virðist hafa reynt nokkuð mikið á þolrifin á Lichnowsky því þann 9. nóvember 1791 kemur fram í réttarskjöllum að gera skuli aðför að eigum Wolfgang og helmingi launa hans hjá hirðinni þar sem hann hefði verið dæmdur til að greiða greifanum með kostnaði rúmlega 1.459 gulden. Greifinn var þekktur spilari og varð þess vegna nær gjaldþrota snemma á 19. öld, þannig að getum hefur verið leitt að því að skuld Wolfgang við hann hafi verið spilaskuld. Við uppgjör á búi Wolfgang kom þessi skuld ekki fram þannig að líklega hafa vinir hans verið búnir að ganga frá henni fyrir eða eftir dauða hans. Þetta mál var svo rækilega þaggað niður að það var fyrst árið 1992 sem það kom fram í dagsljósið.

Lichnowsky varð einn helsti velgjörðarmaður Ludwigs van Beethoven (1770-1822), sem tileinkaði honum allmörg verka sinna.



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

## nashuatec

Gæðatæki á verði sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu rekstrarkostnaðinn með nýrri vél frá Nashuatec.

Prentaðu/ljósritaðu í lit eða í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

### OPTIMA

Vínlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is



Enn einn vinur Wolfgangs og reglubróðir var Michael Puchberg (1741-1822) sem var efnaður vefnað-arkauþmaður. Hann gerðist frímúrarari í stúkunni Zu den drei Adlern um 1774 og gegnum störf þeirra í reglunni kynntust þeir. Wolfgang sagði um Puchberg, að hann væri sannasti og raunbesti vinur sem hann ætti. Frá þrem síðustu árum Wolfgangs eru til 21 bréf sem hann sendi Puchberg með beiðni um að lána sér fé. Hann lánaði Wolfgang alltaf fé, en alltaf minni upphæð en um var beðið. Bréf Wolfgangs til Puchbergs eru oft mjög átakanleg, sérstaklega um mitt ár 1791, hálfum mánuði áður en yngsti sonur hans fæddist, en þar segir hann opinskátt frá þeim þröngu aðstæðum sem hann bjó við. Þrátt fyrir það samdi Wolfgang sum af sínum merkustu verkum í þrenginum sínum og svo virðist sem þeim mun meira veraldlegt mótlæti hann bjó við hafi hann samið stórkostlegri tónlist sem er hátt hafin upp yfir allt veraldlegt amstur.

Puchberg tók að sér stjórn á dánarbúi Wolfgangs eftir dauða hans. Talið er, að hann hafi verið búinn að fá til baka um 1/3 hluta þess sem Wolfgang hafði fengið lánað hjá honum í gegnum árin, en hann lagði ekki fram kröfu í búið. Hann gerðist forsvarsmáður sona hans, Franz Xaver (1791-1844) sem seinna tók upp nafnið Wolfgang Amadeus (sonur) og Karls Thomasar (1784-1858) og gekk þeim í föðurstað. Fyrir honum sjálfum átti það að liggja að tapa aleigninni í kjölfar stríðsátaka og árið 1801 varð hann gjaldþrota.

Áætlað er að Wolfgang hafi á síðustu fjórum árum ævi sinnar fengið um 11.000 gulden í tekjur og lán. Þann 7. desember 1787 veitti Jósef II Wolfgang stöðu sem „Kammer-Kompositeur“ við hirðina og fékk hann fyrir það 800 gulden í árslaun. Fastar tekjur hans á þessu tímabili voru því um 2.400 gulden á ári. Meðalkostnaður á þessum tíma fyrir fjölskyldu í Vínarborg var áætlaður um 600 -1.000 gulden á ári þannig að hann virðist hafa eytt miklu umfram það. Ferðalöggin voru dýr, hann fór m.a. til Frankfurt am Main á eigin kostnað árið 1790 til að vera við krýningu Leopolds II sem keisara í



*Þekktasta mynd sem til er af Wolfgang var gerð af svila hans, Joseph Lange (1751-1831) sem var leikari og myndlistarmaður. Þessi mynd er ýmist talin hafa verið gerð 1783 eða 1789. Myndin, sem er ekki fullgerð sýnir Wolfgang sitja við hljóðæfæri, en vitað er að Konstönsu þótti þetta vera besta mynd sem til væri af honum.*

von um frekari frægð og frama en uppskar ekkert.

Í tilefni af krýningu Leopolds til konungs Tékklands þann 6. september 1791 fór Wolfgang til Prag og frumflutti á vígsludeginum óperu sína „La Clemenza de Tito“ sem pöntuð hafði verið af Ríkisleikhúsinu í Prag. Þó svo almenningur tæki henni vel geðjaðist konungsfjölskyldunni ekki að henni og eiginkona Leopolds, hin spænskættaða Marie Louise, sagði að þetta væri „deutsche Schweinerei.“

Heimilishaldið var dýrt, með tvo þjóna, og Konstansa langdvölum í Baden sér til heilsuþótar. Í einu bréfa sinna frá þeim tíma sem allt lék í lyndi hafði Wolfgang sagt, að hann vildi eignast allt það sem væri gott, ekta og fallett. Nannerl systir hans sagði í bréfi um hann árið 1792, að hann hefði ekki vitað hvernig ætti að fara með peninga þar sem hann hefði

verið alinn upp við það að faðir hans hefði séð um allt fyrir hann og að auðvelt hefði verið að hafa fé af honum þar sem hann hefði verið svo góðhjartaður. Hann barst mikið á í klæðaburði og lifði hátt en var ekki óreglumaður. Uppáhald hans voru flóknar klukkur sem jafnvel sýndu gang himintunglanna og ástríða hans var að spila billiard. Fram hafa komið getgátur um að fjárhagsvandi hans hafi komið til vegna spilaskulda eins og áður sagði, en hann á að hafa verið sólginn í spil sem nefnist Tarock. Hafi svo verið fór Konstansa með það leyndarmál með sér í gröfina. Á sama tíma og hann sjálfur var í fjárþröng lánaði hann öðrum peninga og kæmi eitthvað inn virtist það hafa verið fljótt að renna úr greipum hans.

*Framhald í næsta blaði*

Alfa Romeo 159

## „Fallegasti bíll í heimi“



Pegar Ítalir hanna bíla breyta þeir draumi í veruleika. Þess vegna hefur Alfa Romeo 159 verið kallaður „fallegasti bíll í heimi“ af virtum bílagagnrýndum.

Áreiðanleiki og aksturseginnleikar hafa einnig hlotið mikið lof gagnrýnenda, enda kemst enginn langt á útlitinu einu saman.

Komdu því og kíktu undir húddið, prófaðu ólýsanlega aksturseginnleika og aktu burt á fallegasta bíl í heimi.



Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati



**DUCATI**



**Opið:**

virka daga frá 8–18  
laugardaga frá 12–16

**SAGA**

Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík  
Sími 570 9900 • www.fiat.is



Stofnað 1979

*Velkomin  
í Lauga-ás*

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.



**Sako og Tikka Riflar**

**Byssuskápar frá  
Remington og Novcan**



**Veidiland**

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ  
Sími: 588 6830 - Fax: 588 5835  
Vefsíða: www.veidiland.is

# Siðir og siðareglur

Í síðasta tölublaði Frímúrarans (1.tbl., 3. árg., 2007), birtist grein með heitinu: Siðareglur (Ritual), hver þarfnast þeirra? Umfjöllun um siði og siðareglur er öllum samfélögum mikilvæg og því er ástæða til að halda áfram þeirri umræðu, sem þarna var hafin og hnykkja á nokkrum atriðum. Rétt er þó að minna á að leynd hefur ætíð hvílt yfir innra starfi og fundarsíðum frímúrarara, þannig að hér er aðeins hægt að tæpa á nokkrum grundvallaratriðum.

## Orð og hugtök

Mikilvægt er að notkun orða og hugtaka í umræðunni um siði og siðareglur sé þannig að ekki fari á milli mála hvað við er átt. Orðið siður hefur verið notað á ýmsan hátt: 1. vani, venja, regla, 2. hegðun (góð, slæm), 3. siðferði (einstaklinga, hópa, þjóða) og 4. trúarbrögð (kristinn siður). Sérstaklega mikilvægt er að gera annars vegar skýran greinarmun á því, sem ekki byggist á siðferðilegu gildismati og tilheyrir því sem best er að nefna vana og venjur, og hins vegar því, sem byggist á siðferðilegum gildum eða siðrænum mælikvarða (félagslegum, stéttarlegum, trúarlegum, laga- legum o.s.frv.) og fer vel á að nefna siðareglur.

## Siðareglur

Siðareglur geta verið skrifaðar eða óskrifaðar, en þær byggjast á gildismati og ákvörðunum um hvað sé rétt eða rangt og hvað sé gott eða illt í framferði og hegðun manna eða félagsþópa. Siðareglurnar geta átt uppruna í trúarboðskap, siðfræðikenn- ingum eða sáttmálum stétta, hópa, félaga eða samfélaga. Vel þekkt er að fagstéttir eiga skriflegar siðareglur (blaðamenn, lækna, lögfræðingar o.s.frv.). Þær einkennast gjarnan af mjög ákveðnu orðalagi (Lögfræðingi ber að -, Læknir skal -, Blaðamanni sæmir ekki að -) og eiga að vera meðlimunum til leiðbeiningar um hvað sé rétt hegðun og hvað röng. Oft minna siðareglur einnig á að frelsi fylgir ábyrgð og að réttindum fylgja skyldur. Meginatriði er þó að siðareglur

„Óhætt er að fullyrða að hvert einasta atriði er þrungið merkingu og að leitinn að þeirri merkingu er oft eins og leitinn að persónulegum svörum við ýmsum af grundvallar- spurningum lífsins.“

eru leikreglur samskipta manna í viðkomandi samfélagi og að þær vísa veginn til þess sem er siðferðilega gott og rétt að gera. Andstætt gerir sá einstaklingur rangt (illt) í siðferðilegu tilliti, sem ekki fer eftir siðareglum sinnar stéttar eða síns félagsþóps.

## Siðvenjur

Í hópum manna tíðkast ýmsir siðir í hegðun eða framgöngu manna sem geta í sjálfu sér verið góðir eða slæmir, en hafa lítið með siðferði að gera. Í sumum fjölskyldum er til dæmis vani að faðmast og kyssast, en í öðrum fjölskyldum snerta menn ekki hver annan, þegar þeir hittast á förnum vegi. Erfitt er að halda því fram að faðmlögin séu siðferðilega réttari en snertingarleysið. Siðaregla fjölskyldunnar hlýtur fyrst og fremst að snúast um það að vel sé tekið á móti ættingjum og að þeim sé fagnað af alhug. Mörkin milli siðvenju og siðareglu eru auðvitað ekki alltaf skýr og oftast er það svo að innihaldið skiptir meira máli en umbúðirnar. Það getur til dæmis verið hreinn vani eða siðvenja að meðlimir í ákveðnum hópi eða félagi heilsist með handabandi, en þétt og innilegt handtak getur líka verið merki þeirrar óskrifðu siðareglu félagsins að hver maður fagni öllum félagsmönnum vel og láti þá finna að samhugur og sönn vinátta ríkir innan hópsins.

## Fundarsíðir

Undirritaður er ekki sáttur við að íslenska orðið siðareglur sé notað um

erlenda orðið ritual, að minnsta kosti ekki í tengslum við fundastarf frímúrarara. Miklu nær er að nota orðið fundarsíðir. Um einstaka fundarsíði frímúrarara er að sjálfsögðu ekki hægt að ræða á opnum vettvangi, en fyrirnefnd grein snérist um það að benda félagsmönnum á að fundarsíðir eru mjög mikilvægir, þeir skapa ramma um starfið og eru mjög öflugt tæki til að bera þann boðskap sem Reglan vill flytja meðlimunum. Þess vegna er mjög mikilvægt að einstakir bræður geri sér far um að skilja hver er boðskapur þess sem fram fer og hver er merking einstakra atriða í fundarsíðunum. Óhætt er að fullyrða að hvert einasta atriði er þrungið merkingu og að leitinn að þeirri merkingu er oft eins og leitinn að persónulegum svörum við ýmsum af grundvallar- spurningum lífsins: Hver er ég? Hver hefur skapað mig? Hver er tilgangur lífs míns? Hvaðan kem ég? og Hvert fer ég?

## Siðareglur frímúrarara

Það er ekki hægt að yfirgefa þetta efni án þess að velja því orlitið fyrir sér hvort til séu eða - öllu heldur - hverjar séu siðareglur frímúrarara. Á heimasíðu Frímúrarareglunnar kemur fram að hún er sjálfstætt félag eða samtök sem hefur mannrækt að markmiði og byggir starfsemi sína á kristnum grundvelli. Spyrja má hverjar séu þær siðareglur sem meðlimum slíks félagsþópa beri að fara eftir. Svörin er ekki að finna á heimasíðunni á sama hátt og finna má siðareglur lækna og lögmanna á heimasíðum samtaka þeirra stétta, en tilvísunin í hinn kristna grundvöll Reglunnar er skýr. Það er því verðugt verkefni hverjum áhugasömum frímúrarara að reyna að botna setningarnar sem eru sambærilegar við formlegar siðareglur fyrirnefndra starfsstétta: Frímúrarara ber að... , Frímúrarari skal... , Frímúrarara sæmir ekki að...

*Jóhann Heiðar Jóhannsson*

# In memoriam

## Bræður horfnir til Austursins Eilífa

Ljósmynd/Einar Falur

**Pórður Sigurðsson** – Akur – X  
02.09.1920 □ 07.04.1975 † 06.11.2006

**Marínó E. Þorsteinsson** – Rún – X  
30.08.1920 □ 03.04.1957 † 18.11.2006

**Stefán V. Þorsteinsson** – Hamar – IX  
26.06.1928 □ 27.01.1981 † 04.12.2006

**Guðmundur Jóhannsson** – Mímir – X  
30.08.1914 □ 18.01.1954 † 13.12.2006

**Bertram H. Möller** – Mímir – X  
11.01.1943 □ 24.03.1982 † 20.01.2007

**Valgarð Ó. Breiðfjörð** – Edda – X  
09.02.1933 □ 05.03.1963 † 07.02.2007

**Ólafur B. Theódórsson** – Akur – IX  
20.08.1943 □ 15.11.1976 † 19.02.2007

**Jósef H. Sigurðsson** – Rún – X  
15.04.1910 □ 23.10.1946 † 28.02.2007

**Torfi B. Tómasson** – Glitnir – X  
20.05.1935 □ 01.12.1959 † 06.03.2007

**Valberg Lárusson** – Edda – X  
09.12.1927 □ 14.11.1978 † 18.03.2007

**Þráinn Guðmundsson** – Gimli – IX  
24.04.1933 □ 03.03.1980 † 20.03.2007

**Hreinn Hjartarson** – Edda - R&K  
31.08.1933 □ 17.11.1964 † 28.03.2007

**Ingvi B. Jakobsson** – Mímir – IX  
09.04.1927 □ 09.04.1976 † 17.04.2007

**Jón Sigurðsson** – Gimli – X  
14.03.1932 □ 12.11.1973 † 30.04.2007

**Gunnleifur Kjartansson** – Akur – X  
29.01.1941 □ 12.01.1976 † 05.03.2007

**Gísli Rafn Guðmundsson** – Edda – X  
01.05.1936 □ 19.03.1974 † 17.03.2007

**Ólafur Ingibjörnsson** – Edda – R&K  
01.06.1928 □ 06.10.1955 † 18.05.2007

**Þórmundur S.G. Hjálmtýss.** Edda – X  
13.04.1935 □ 04.03.1986 † 19.05.2007

**Magnús Helgi Ólafsson** – Edda – VI  
01.07.1947 □ 09.04.1991 † 28.05.2007

**Jón Anton Skúlason** – Edda – R&K  
22.08.1916 □ 24.11.1953 † 04.06.2007

**Hjörtur Jónsson** – Njála – X  
24.06.1933 □ 08.11.1965 † 08.06.2007

**Hjalti Ólafsson** – Mímir – X  
30.05.1926 □ 24.03.1958 † 18.06.2007

**Karl Gústaf Ásgrímsson.** Gimli – IX  
20.08.1929 □ 04.02.1980 † 01.07.2007

**Einar Oddur Kristjánsson.** Njála – X  
26.12.1942 □ 14.11.1983 † 14.07.2007

**Björn Guðmundsson** – Gimli – X  
22.08.1928 □ 20.02.1958 † 15.07.2007

**Erlingur Þorsteinsson** – Edda – X  
19.08.1911 □ 27.02.1951 † 23.07.2007

**Kristinn Þorleifur Hallss.** – Gimli – X  
04.06.1926 □ 23.10.1958 † 29.07.2007

**Þorsteinn Guðmundsson** – Edda – X  
19.12.1918 □ 23.01.1951 † 04.08.2007

**Þórarinn Símonarson** – Hamar – VII  
23.12.1923 □ 09.02.1982 † 13.08.2007

**Daníel G. Einarsson** – Edda – X  
09.07.1921 □ 19.10.1971 † 13.08.2007

**Guðmundur Elías Árnason** – Edda – X  
14.03.1916 □ 29.10.1957 † 16.08.2007

**Guðmundur B. Ólafsson** – Gimli – X  
12.09.1924 □ 18.11.1957 † 14.09.2007

**Þorsteinn G. Bernharðsson.** – Edda – X  
01.02.1915 □ 11.01.1944 † 20.09.2007



*Hópur Glitnisbræðra og systra á kirkjutröppum Viðeyjarkirkju ásamt séra Þóri Stephensen, leiðsögumanni hópsins og fyrrum staðarhaldara í Viðey.*

## Viðeyjarferð Glitnis

Hópur Glitnisbræðra og -systra brá sér í fræðslu- og skemmtiferð út í Viðey 17. ágúst sl og var sr. Þórir Stephensen, fyrrum staðarhaldari í Viðey, strax svo elskulegur að samþykkja að vera leiðsögumaður og fræðari hópsins.

Vaskir bræður og systur, ásamt örfáum gestum, mættu þar í skjól-góðum flíkum og traustum gönguskóm. Allir höfðu með sér nestisþakka því ætlunin var að finna fallega laut seinna um kvöldið og njóta kvöldsólarinnar með mat og drykk. Eftir að fargjaldið hafði verið greitt steig hópurinn um borð og reyndust þar vera rúmlega 30 manns. Svólítt blástur var, en sjó hreyfði tæpast og eftir tæplega 10 mín. siglingu var lagst að bryggju í eyinni. Fólkið gekk léttum skrefum í land og eitt fyrsta verkefnið var að ná hópnun saman til myndatöku á tröppum Viðeyjarkirkju. Sr. Þórir tók þegar við stjórninni, mundaði staf sinn og gekk hröðum skrefum göngustíginn út á vestureyna, en þangað höfðu fæstir ferðalanganna komið.

Smátt og smátt lögð vindinn og kvöldsólin svipti af sér þunnri skýjahulunni. Veðrið varð eins og best verður á kosið á íslensku sumarkvöldi og bjart til allra átta. Sr. Þórir lét hópin syngja íslensk lög á göngunni og reyndist hrókur alls fagnaðar. Þrátt fyrir að vera aldursforsetinn í hópnun var það einnig hann sem hélt uppi gönguhraðanum.

Vestureyjan reyndist stærri og

gróðursælli en bræður og systur höfðu almennt gert sér í hugarlund. Sr. Þórir var fundvís á fallega áfangastaði og merkilegar minjar um mannlíf og sögu í eyinni. Lestur gamla áletrana á veðurbörðum steinum var verðugt verkefni þessa áhugasama hóps. Skemmtisögur frá fyrri



*Séra Þórir Stephensen leiðsögumaður hópsins*

öldum krydduðu ferðina og var leiðsögumaðurinn ekki feiminn við að benda á skoplegu hliðina á mannlífinu í eyinni. Að lokinni göngu var farið inn í Viðeyjarkirkju þar sem sr. Þórir kom sér fyrir í stólunum og rakti sögu kirkjunnar. Eftir að hafa skoðað fornminjauppgröftinn bak við Viðeyjarstofu sigldi ánægður hópurinn aftur í land eftir þriggja tíma fræðslu- og skemmtiferð á þessum merka stað í næsta nágrenni höfuðborgarinnar.

*Jóhann Heiðar Jóhannsson, Stm Glitnis.*

## Glæsileg vorhátíð

Laugardaginn 5. maí – skömmu eftir að sumarhlé hófst á hefðbundnu starfi Frímúrarareglunnar var efnt til vorhátíðar Reglunnar í húsakynnum hennar. Slík vorhátíð hefur verið haldin undanfarin ár og mælst mjög vel fyrir, enda hefur jafnan verið vel til dagskrár vandað og hátíðarblær yfir samkomunni. Ekki hafa bræður einir aðgang að vorhátíðinni heldur geta tekið með sér gesti og var áberandi á hátíðinni í ár hversu margar fjölskyldur mættu til samkomunnar og áttu þar saman góða stund. Var hátíðarsalur Reglunnar fullskipaður.

Dagskrá vorhátíðarinnar hófst með lúðrablaesti en síðan flutti Kristján J. Eysteinnsson, formaður hátíðarnefndar stutt ávarp. Meginatriði dagskrárinnar var tvíþætt. Annars vegar kynnti Stm. Landsstúkunnar, R&K Valur Valsson úthlutun úr Frímúrararsjóðnum til góðgerðarmála og hins vegar var fjölbreytt tónlistardagskrá þar sem margir listamenn, bæði hljóðfærarleikarar og einsöngvarar komu við sögu. Frímúrarakórinn, undir stjórn Jóns Kristins Cortes, átti einnig stóran þátt í hátíðleika samkomunnar.

Sem fyrr greinir voru veittir styrkir úr Frímúrararsjóðnum og gerði R&K Valur Valsson grein fyrir þeim. Þeir aðilar sem hlutu styrkina voru Samtök Parkingsónsjúklinga sem hlutu fjárveitingu til útgáfu-starfsemi, Orgelssjóður Stykkishólmskirkju hlaut styrk til kaupa á nýju pípuorgeli og sýslumannsembættin á Seyðisfirði og á Selfossi hlutu styrki til kaupa á hundum til fíkniefnaleitar. Fulltrúar þessara aðila tóku við styrkjunum og fluttu þeir stutt ávörp þar sem þeir þokkuðu Reglunni góðan stuðning.

Að dagskrá lokinni brugðu margir gestanna sér í borðsal þar sem heitt var á könnunni og sýnt var myndband um starf Frímúrarareglunnar á Íslandi, en auk þess var St. Jóhannesarsalurinn og Minjasafn Reglunnar opið.

# Vel heppnað golflandsmót frímúrara á Sauðárkróki

Landsmót frímúrara, fjölskyldumót, sem haldið var á Sauðárkróki laugardaginn 11. ágúst sl., tókst í alla staði vel. Sextíu og einn þátttakandi var skráður til leiks. Keppt var í hægu og hagstæðu golfveðri á erfðum en mjög góðum Hlíðarendavellinum, ofan við bæinn.

Mótið var sett í glæsilegu frímúrahúsi þeirra Mælifellsbræðra að Borgarmýri. Boðið var upp á kaffi, lystugt meðlæti og léttar veigar. Snemma á laugardagsmorgninum söfnuðust bræður, systur og niðjar við golfskálann og tóku að hita upp fyrir átök dagsins. Ekki var laust við að vott af spennu og eftirvæntingu mætti greina í andlitum þátttakenda enda eðlilegt þar sem flestir höfðu lagt á sig ferðalag landshluta á milli. Mótið hófst síðan stundvíslega klukkan níu við hvelld flaut frá mótsstjóra. Allir keppendur tóku þá strax að slá enda hafði þeim verið dreift um brautir vallarins.

Keppenda biðu skemmtilega hannaðar brautir með vatnstorfærum, glompum og illvígum karga sem refsaði miskunnarlaust þeim sem slógu feilhögg. Margir léku því á mun fleiri höggum og tóku heldur lengri tíma í spilamennskuna en vanalega - en fengu í staðinn heilmikla æfingu fyrir sveifluna og andlega jafnvægisþjálfun að auki.

Sigurður Örn Einarsson SMR sleit síðan fimmta Landsmóti frímúrara að lokinni verðlaunaafhendingu og hátíðarkvöldverði í frímúrahúsinu. Áður hafði gestum verið boðið að



Verðlaunaafhending í stúkukeppninni. Mælifellsbræður hampa bikarnum.

skoða nýleg og glæsileg salarkynni Mælifellsbræðra. SMR tilkynnti jafnframt að næsta Landsmóti yrði haldið laugardaginn 9. ágúst 2008 á Garðavelli á Akranesi.

Mælifellsbræður höfðu veg og

vanda að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Þeir bræður eiga heiður skilið fyrir frammistöðuna því mótshaldið og allt í kring um það var fyrsta flokks.

## ÚRSLIT GOLFMÓTSINS

### Niðjaflokkur:

1. sæti: Friðgeir Atli Arnarsson (NK)

### Systraflokkur:

1. sæti: Guðfinna Sigurþórsdóttir (GS)
2. sæti: Anna Ragnh. Grétarsdóttir (GÍ)
3. sæti: Sigríður Elín Þórðardóttir (GSS)

### B flokkur karla:

1. sæti: Maron Pétursson (GÍ)
2. sæti: Sigurður H. Sigurðsson (GR)
3. sæti: Borgi Guðm. Árnason (GO)

### A flokkur án forgjafar:

1. sæti: Hilmar Th. Björgvinsson - (GS)
2. sæti: Magnús Ingi Stefánsson (GR)
3. sæti: Guðm. Rúnar Vífilsson (GSS)

### A flokkur með forgjöf:

1. sæti: Björn Karlsson (GK)
2. sæti: Sigurgeir Þórarinnsson (GR)
3. sæti: Grétar Leifsson (GKG)

### Stúkukeppni:

Öruggir sigurvegarar voru Mælifellsbræður (Ásgeir Einarsson, Rúnar Vífilsson, Sigurður H. Sigurðsson og Sigurgeir Þórarinnsson skipuðu sveitina)

### Nándarverðlaun á 3./12. braut:

Porbjörg Albertsdóttir 0,51m.

### Nándarverðlaun á 6./15. braut:

Grétar Leifsson 1,64m.

# Réttu vélarnar í verkið!



 **NEW HOLLAND**

Eigum til afgreiðslu með skömmum fyrirvara úrval af stórvirkum vinnuvélum sem og fjölvirkum smávélum Veldu vél sem hentar þínu verki!

KORTER-113



**CRAMARO**

Höfum hafið sölu á Cramaro yfirbreiðslum fyrir malarflutningabíla.

- Sterkar yfirbreiðslur
- Aukið öryggi
- Hentar á allar gerðir vagna
- Gott verð

*Rheno*  
brotfleygar



  
STURLAUGUR & CO

Fiskislóð 14  
101 Reykjavík  
Sími 4 123 000  
[www.sturlaugur.is](http://www.sturlaugur.is)



Þar sem fegurðin  
er líka þægileg

Reykjavík / Oslo



Fákafen 9  
Sími: 568 2866  
exo@exo.is  
www.exo.is